

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

VEGNA COVID-19

2. ÚTGÁFA 24. ÁGÚST 2020

Tækniskólinn

Efnisyfirlit

1.	<i>Inngangur að viðbragðsáætlun</i>	3
2.	<i>Óvissustig almanna vegna COVID-19</i>	5
3.	<i>Hættustig almanna vegna COVID-19</i>	7
4.	<i>Neyðarstig almanna vegna COVID-19</i>	8
5.	<i>Smit í skólanum – DRÖG að verklagi</i>	9
6.	<i>Tímabundin lokun skóla</i>	10
7.	<i>Enduopnun skóla</i>	11

1. Inngangur að viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun þessi segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í Tækniskólanum í samræmi við áætlun, tilmæli og leiðbeiningar almannavarna og landlæknis um viðbrögð við heimsútbreiðslu COVID-19 veirusýkingar.

Markmið viðbragðsáætlunar skólans er að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð vegna COVID-19; að leiðbeiningum og tilmælum almannavarna og landlæknis verði fylgt ásamt því að undirbúa aðgerðir skólans og upplýsa starfsmenn, nemendur og forráðamenn um stöðu mála hverju sinni.

Neyðarstjórn Tækniskólans skipa:

- Hildur Ingvarsdóttir, skólameistari, hi@tskoli.is
- Guðrún Randalín Lárusdóttir, aðstoðarskólameistari, grl@tskoli.is
- Björg Jónsdóttir, rekstrar- og fjármálastjóri bj@tskoli.is
- Ólafur Sveinn Jóhannesson, deildarstjóri markaðs- og kynningarmála, osj@tskoli.is
- Gunnhild Hatlemark Öyahals, gæða-og skjalastjóri, gho@tskoli.is

Fyrirspurnir og samskipti vegna COVID-19

ATH: Fara skal með allar upplýsingar þannig að persónuverndar sé ávallt gætt.

Skólameistari/aðstoðarskólam.	Skólastjórar	Stjórnendur
Eru tengiliðir og svara fyrirspurnum frá: Embætti landlæknis Almannavörnum Fréttamiðlum Nemendum og forráðamönnum með c.c. á viðkomandi skólastjóra ef svarað er í netpósti Kennurum og öðrum starfsmönnum með c.c. á viðkomandi stjórnanda ef svarað er í netpósti	Svara fyrirspurnum frá: Nemendum og forráðamönnum (í samráði við skólameistara/aðstoðarskólam.) Kennurum	Svara fyrirspurnum frá: Starfsmönnum sinna deilda

Upplýsingar til nemenda og starfsfólks

Helsta upplýsingaveita til nemenda og forráðamanna verður netpóstur og vefsíða skólans á slóðinni www.tskoli.is. Til starfmannanna verða upplýsingar sendar með netpósti ásamt upplýsingum á Workplace síðu starfmannanna.

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

9. mars 2020

2. útgáfa 24. ágúst 2020

Hildur Ingvarsdóttir, skólameistari

Guðrún Randalín Lárusdóttir, aðstoðarskólameistari

2. Óvissustig almannavarna vegna COVID-19

Skilgreining óvissustigs; Nýr faraldur hefur greinst í mönnum og ástæða þykir til aukinnar árverkni og ítarlegs áhættumats. Sýking hefur ekki greinst hér á landi.

Neyðarstjórn tekur til starfa.

Neyðarstjórn fundar daglega og með lykilstarfsmönnum eftir þörfum

- Yfirferð á stöðu mála
- Gripið til aðgerða til forvarna
- Skilgreindar reglur varðandi tilkynningar og upplýsingar til nemenda, forráðamanna og starfsmanna
- Skilgreindar reglur varðandi tilkynningar frá nemendum, forráðamönnum og starfsmönnum um veikindi og eða sóttkví
- Samskipti og aðstoð við nemendur í sóttkví eða einangrun skilgreind
- Upplýsingar sendar til starfsmanna í netpósti
- Sett upp upplýsinga- og samskiptasíða varðandi COVID-19 á Workplace fyrir starfsmenn
- Upplýsingar sendar nemendum og forráðamönnum í netpósti

FORVARNIR

Ræstingar

Tryggðar nægar birgðir sápu og sótthreinsiefna

Reglur settar um sótthreinsun helstu snertiflata

- Handrið
- Hurðarhúnar/handföng
- Lyklaborð, mýs og snertiskjái
- Fjarstýringar
- Töflusvampar
- Takkaborð við innganga
- Stertifletir í lyftum
- Ljósrofar
- Posar
- Kranar og hnappar/handföng á salernum
- Lóð og tæki í íþróttaaðstöðu (þurrkur og brúsar með sótthreinsiefni)

Handþvottur og sótthreinsibúnaður

Aukin áhersla er lögð á handþvott meðal nemenda og starfsmanna.

- Aukið eftirlit með að ávallt sé sápa inni á salernum skólans
- Handspritt verður aðgengilegt á salernum, við innganga, á skrifstofum skólans, á bókasöfnum og í og við matsali nemenda og kennara
- Starfsmenn hafi aðgang að handspritti til að ganga með á sér svo og sprittklútum

Upplýsingar um hreinlæti og smitleiðir

- Kynning á starfsmannafundi skólans
- Upplýsingaveggspjöld hengd upp á salernum og á upplýsingatöflum skólans

- Upplýsingaskilti sett við skrifstofur skólans, á bókasöfnum og í matsölum
- Upplýsingar á vefsíðu skólans í formi fréttar eftir þörfum

Mötuneyti

- Allri sjálfsafgreiðslu matvæla í mötuneyti hætt
- Skráning á matarlista gerð af starfsmönnum mötuneytis
- Kaffivélar og aðrir snertifletir sótthreinsaðir reglulega

3. Hættustig almannavarna vegna COVID-19

Skilgreining á hættustigi; Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Veiran aðlagast mönnum í vaxandi mæli og umtalsverð hætta er á heimsfaraldri. Sýking kann að hafa verið staðfest hér á landi en lýsa má hættustigi þó sýking hafi ekki borist til landsins.

Aðgerðir:

- Neyðarstjórn fundar reglulega með lykilstarfsmönnum
- Aðgerðaráætlun uppfærð eftir þróun mála og samkvæmt leiðbeiningum almannavarna, landlæknis og ráðuneytis
- Starfsmenn upplýstir í netpósti og á Workplace um breytingar á viðbúnaðarstigi og hugsanlegum aðgerðum
- Nemendur og forráðamenn upplýstir um breytingar á viðbúnaðarstigi og hugsanlegum aðgerðum með netpósti og á vefsíðu
- Skipuleggja þjónustu mötuneytis
- Farið yfir birgðastöðu nauðsynja
- Sótthreinsi- og smitvarnarbúnaður aukinn
 - Sótthreinsibrúsar og pappír í allar kennslustofur
 - Hanskar aðgengilegir
 - Grímur fyrir starfsmenn
- Hefja undirbúning á skipulagi fjarfunda
- Hefja undirbúning á skipulagi fjarkennslu
 - Tölvukostur til fjarkennslu yfirfarinn
 - Farið yfir tengingar og netþjónustu - álagsprófun
 - Kennslumyndbönd í fjarkennslu búin til
 - Hafinn undirbúningur að örnámskeiðum í fjarkennslu fyrir starfsmenn
- Hefja undirbúning á skipulagi þjónustu við nemendur ef til lokunar skóla kemur
- Upplýsingaþjónusta
- Tölvuþjónusta
- Námsráðgjafar
- Sálfræðingur
- Teknar ákvarðanir varðandi viðburði á vegum skólans
 - Viðburðum frestað
 - Viðburðum aflýst
 - Viðburðir fara fram rafrænt

4. Neyðarstig almannavarna vegna COVID-19

Skilgreining á neyðarstigi; Heimsfaraldri hefur verið lýst yfir eða hópsýking er að breiðast út innanlands. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna.

Aðgerðir:

- Neyðarstjórn fundar reglulega með lykilstarfsmönnum
- Sett upp aðgerðaáætlun vegna lokunar skóla (ef til kemur)
- Fjarfundaáætlun virkjuð
- Skipuleggja afleysingakerfi lykilstarfsmanna ef til veikinda hjá þeim kemur
- Aðgerðaráætlanir uppfærðar eftir þróun og samkvæmt leiðbeiningum almannavarna, landlæknis og ráðuneytis.
- Starfsmenn upplýstir í netpósti og á Workplace um breytingar á viðbúnaðarstigi og hugsanlegar aðgerðir sem gripið er til.
- Nemendur og forráðamenn upplýstir um breytingar á viðbúnaðarstigi og hugsanlegar aðgerðir ásamt leiðbeiningum með netpósti og á vefsíðu.
- Settar reglur um fjarvistaskráningar
 - Starfsmenn upplýstir með netpósti og á Workplace
 - Nemendur og forráðamenn upplýstir með netpósti
 - Upplýsingar birtar á vefsíðu skólans
- Fjarkennsluáætlun
- Breytingar á námsskipulagi vegna heimanáms eftir þörfum
- Settar samskiptareglur eftir þörfum

5. Smit í skólanum – DRÖG að verklagi

Ef smit greinist í skólanum:

Smitrakningarteymi hefur smitakningu – *Tengiliður við smitakningarteymi er skólameistari/aðstoðarskólameistari.*

Verklag

Skólameistari/aðstoðarskólam.	Skólastjóri	Áfangastjón	Umsjónarmaður þrifa
<p>Upplýsir neyðarstjórn, viðbragðsreymi og stjórnanda þess skóla/deildar sem smit greinist um leið og upplýsingar um smit hafa borist svo innanhússvinna geti hafist.</p> <p>Sendir tölvupóst á þá nemendur sem málið varðar og starfsmenn með upplýsingum um að smit hafi greinst í skólanum (tiltaka skólahúsnæði); að smitakning sé hafin og smitakningarteymi landlæknis verði í sambandi við þá sem hugsanlega hafi orðið útsettir fyrir smiti; að upplýsingarnar verði uppfærðar þegar smitakningu er lokið.</p> <p>Upplýsingar settar á vefsíðu skólans</p>	<p>Hefur samband við kennara þar sem smit greindist og hefur undirbúning viðbragða ef:</p> <p>Kennari fer í einangrun/sóttkví</p> <p>Nemendur fara í einangrun/sóttkví.</p>	<p>Tekur saman upplýsingar úr mætingarlista í Innu fyrir smitakningarteymi</p>	<p>Sóttthreinsa þau svæði þar sem smit kom upp.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Borð • Stólbök • Tæki/tól • Aðrir snertifletir
<p>Sendir uppfærðan póst á nemendur og starfsmenn þegar smitakningu er lokið</p>	<p>Sendir upplýsingar á nemendur um skipulag kennslu á meðan einangrun/sóttkví stendur</p>		

Á meðan einangrun/sóttkví stendur

Skólastjóri / stjórnendur	Námsráðgjafar / sálfræðingur
<p>Hefur samband við starfsmann skóla/deildar á meðan eingangrun/sóttkví stendur til að fylgjast með gangi mála og til stuðnings</p>	<p>Hefur samband við nemendur í einangrun/sóttkví til stuðnings (lágmark 1 sinni í viku- oftast ef þörf er talin á?)</p>

6. Tímabundin lokun skóla

Komi til lokunar skóla verður fjarkennsla virkjuð að fullu og senda kennarar upplýsingar til nemenda um tilhögun kennslu á meðan á lokun stendur í Innu.

Lokanir eru auglýstar á eftirfarandi hátt:

- Netpóstur sendur á nemendur og forráðamenn
- Netpóstur sendur á starfsmenn
- Upplýsingar birtar á Workplace
- Upplýsingar á vefsíðu skólans
- Tilkynningar á inngönguleiðum skólanna

Boðleiðir til og frá skóla sem haldast opnar:

- Símsvörun skifstofu
- Símsvörun upplýsinga- og alþjóðadeildar
- Símsvörun lykilstarfsmanna (símanúmer birt á vefsíðu skólans)
- Tölvupóstur (netföng starfsmanna birt á vefsíðu skólans)
- Tilkynningar til nemenda frá kennurum í Innu

Breytingar á kennsluháttum:

Kennarar upplýsa nemendur sína um:

- Breytingar á kennsluháttum í Innu
- Hugsanlegar breytingar verkefna/verkefnaskil

7. Enduopnun skóla

Enduopnun skóla er undibúin framkvæmd miðað við stig alvarleika almannavarna og til samræmis við leiðbeiningar frá Landlækni.